



nr. erindis 2106014

FRAMKVÆMDARLEYFI
Til framkvæmda við Þverárfjallsveg (73) í Refasveit og
Skagastrandarveg (74) um Laxá.

Á fundi skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar þ. 14.6.2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Efni: Vegagerðin - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna Þverárfjalls- og Skagastrandarvegar

Erindi frá Vegagerðinni sem óskar eftir framkvæmdaleyfi til Blönduósbæjar skv. 13. gr. skipulagslagi nr.123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin felur í sér byggingu nýs Þverárfjallsvegar frá Hringvegi austan við Blönduós, að númerandi Þverárfjallsvégi skammt sunnan við númerandi brú á Laxá, samtals 8,5 km. Einnig verður byggður 3,3 km langur vegur til norðurs frá nýjum Þverárfjallsvégi, yfir nýja brú yfir Laxá og inn á númerandi Skagastrandarveg norðan við Höskuldsstaði. Sótt er um þann hluta framkvæmdarinnar sem er innan Blönduósbæjar en hluti framkvæmdarinnar er innan Skagabyggðar. Áætlað er að framkvæmdum verði að fullu lokið haustið 2023. Fylgigögn eru: 1) Teikningar Blönduósbær. 2) Grunnmynd brúarstæðis, Laxá. 3) Yfirlitmynd fyrir brú, Laxá. 4) Teikning fornminja. 5) Leyfi Fiskistofu. 6) Samráð vegna vatnsverndarsvæðis.

Svofelld bókun var gerð:

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Blönduósbæjar.
Skipulagsfulltrúa er falið að gefa út framkvæmdarleyfi þegar öll gögn liggja fyrir.

Sveitarstjórn Blönduósbæjar staðfesti bókunina á fundi sínum 15. júni 2021.

Framkvæmdaraðili:

Vegagerðin ,
Kt: 6802692899 ,
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ

Staðsetning framkvæmdar:

Staðsetning framkvæmdar er skv. aðalskipulagi Blönduóabæjar 2010-2030.
Framkvæmdin felur í sér byggingu nýs Þverárfjallsvegar frá hringvegi austan við Blönduós að númerandi Þverárfjallsvégi skammt sunnan við númerandi brú á Laxá. Einnig verður byggður

vegur norðaustur frá nýjum Þverárfjallsvegi, yfir nýja brú yfir Laxá og inn á núverandi Skagastrandarveg norðan við Höskuldsstaði.

Umfang framkvæmdar:

Um er að ræða lengingu á Þverárfjallsvegi um 8,5 km og tengingu við Skagastrandarveg uppá 3,3 km. Vegurinn verður af vegtegund C8, 8 m breiður með 7 m breiðu slitlagi. Brú yfir Laxá í Refasveit verður 109 m löng, 10 m breið með 9 m breiðri akstursbraut. Einnig verður gerðar nýjar heimreiðar að bæjum á leið vegarins. Allt að 7 námur verðar notaðar í nágrenni vegstæðisins.

Samantekt á lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Frágangur skal vera í samræmi hönnunargögn og önnur fylgigögn.

Gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á:

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með bréfi dagsettu 8. júní 2021.

Framkvæmdarleyfið byggir á neðangreindum gögnum:

- Aðalskipulag Blönduósþærar 2010-2030 með áorðnum breytingum
- Umsókn Vegagerðarinnar dagsetu 8. júní 2021.
- Hönnunargögn ýmsar dagsetningar
- Heimild til framkvæmda frá Fiskistofu dags 3. maí 2021
- Samráð við sveitarfélag v. vatnsverndarsvæðis.
- Umsögn Minjastofnunar dags. 8. júlí 2021
- Leyfi landeiganda til framkvæmda.
- Heimild veiðifélagsins Hængs dagsett 18. október 2021
- Leyfi Norðurár vegna efnistöku í Stekkjarvík.
- Mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar dags janúar 2021
 - <http://www.vegagerdin.is/framkvæmdir/umhverfismat/matsskyrslur/thverarfallsvegur-73-i-refasveit-og-skagastrandarvegur-74-um-laxa-matsskyrsla>
- Áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dags. 31 mars. 2021
 - <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/980#fath>
- Framkvæmdaleyfi Skagabyggðar frá 20. október 2021

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Blönduósþærar 2010-2030.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13-16. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Leyfishafa ber að kynna sér þær reglur og lög sem gilda um slíka framkvæmd.

Dagsetning samþykktar leyfisveitanda:

Framkvæmdaleyfið gildir frá útgáfudegi.

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Heimilt er að hefja framkvæmdir nú þegar enda verði neðangreindum skilyrðum fullnægt.

Framkvæmdaleyfi þetta gildir frá útgáfudegi til loka árs 2023 til framkvæmda við framangreinda framkvæmd og fellur úr gildi að þeim tíma liðnum.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Skipulagsfulltrúi Blönduósþærar mun hafa eftirlit fyrir hönd Blönduósþærar með framkvæmdunum. Ennfremur er gengið út frá að aðrir eftirlitsaðilar sem við eiga haldi uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdinni.

Skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda:



Framkvæmdin skal samræmast samþykktum hönnunargögnum. Tilkynna skal til skipulagsfulltrúa áður en kemur til breytinga á framkvæmdinni.

Þegar framkvæmdaleyfisgjald hefur verið greitt.

Blönduósi, 20. október 2021



Þorgils Magnússon
skipulags- og byggingarfulltrúi Blönduósbærar

